

**Fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, mánudaginn 27. mars**  
**klukkan 17:00, Melabraut 17**

*Mætt eru: Daníel Örn Hinriksson, formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, Maríanna Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, ritari, og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir.*

**Dagskrá**

**Erindi milli funda:**

Að fenginni umsögn sýningastjórnar samþykkti stjórn HRFÍ umsóknir Spanieldeildar og Schnauzerdeildar um deildarsýningar. Af gefnu tilefni vill stjórn ítreka það sem stendur í starfsreglum ræktunardeilda um deildarsýningar:

***V. Deildarsýningar***

*1. Ræktunardeildum er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi stjórnar HRFÍ að fenginni umsögn sýningarstjórnar HRFÍ. **Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ eigi síðar en 6 mánuðum áður en sýning er fyrirhuguð.** Stjórn HRFÍ getur heimilað sýningu sem sótt er um með styttri fyrirvara. Leitast skal við að velja dómara sem býr yfir sérþekkingu á viðkomandi tegund (tegundum).*

**Umsóknir skulu berast á netfangið [stjorn@hrfi.is](mailto:stjorn@hrfi.is)**

Sýningadómaranefnd HRFÍ óskaði eftir staðfestingu dómara réttinda eftirfarandi dómara: Lilja Dóra Halldórsdóttir á tegundina Samoyed, Sóley Halla Möller og Sóley Ragna Ragnarsdóttir á tegundina Poodle; öll afbrigði, og Þórdís Björg Björgvinsdóttir á Schnauzer; öll afbrigði. Dómarasíða FCI hefur verið uppfærð til samræmis. Stjórn félagsins óskar dómurum félagsins til hamingju.

### **Vinnuhundadeild**

Erindið barst 6. mars frá Hildi Kristínu fyrir hönd deildarinnar.

Reglur og leiðbeiningar um dómara náms fyrir vinnuhundadómara.

Settar hafa verið upp reglur og kröfur sem þykja fullnægjandi til þess að öðlast dómara réttindi í vinnuþrófum, þá í sporaprófum, hlýðniþrófum og vonandi í framtíðinni, Rally-þrófum. Stjórn ræddi erindið og ákveðið að varaformaður hafi samband við formann Vinnuhundadeildar og fái svör við spurningum stjórnar áður en erindið er afgreitt.

### **Ársfundir deilda**

Nokkuð hefur borið á því að deildir starfi ekki eftir starfsreglum ræktunardeilda og lögum félagsins (sjá grein 22.) og haldi ekki ársfundir sína lögum og reglum samkvæmt, mætti því með réttu efast um lögmæti fundanna og starfi kjörinna stjórnna.

Úr starfsreglum ræktunardeilda:

**6. Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars.** Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu HRFÍ og heimasíðu deildarinnar (Facebook-síðu). Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Ræktunardeildir með eigin fjárhag skulu leggja fram rekstrar- og efnahagsyfirlit og fjárhagsáætlun eftir því sem við á, á ársfundi deildarinnar. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslum skilað til stjórnar HRFÍ.

21. Ræktunardeildir skulu halda ársfund á tímabilinu 1. janúar til 31. mars á hverju ári og skila stjórn HRFÍ ársskýrslu sinni, ársuppgjöri, lista yfir stjórnarmenn deildarinnar og öðrum upplýsingum sem stjórn félagsins kann að óska. Skulu gögn þessi send fyrir 15. apríl ár hvert. Stjórn félagsins getur veitt und

## **Félagsaðild barna og ungmenna**

Til að auka líkur okkar á því ungmennastarf félagsins verði viðurkennt íþrótt-/tómstundastarf er æskilegt að félagið sýni fram á félagatal til

samræmis virku ungmennastarfi. Áður hefur skapast umræða innan stjórnar um að koma slíku í framkvæmd. Ungmenni verði á 0.- gjaldi, líkt og gerist í hestamannafélögum, hafa þátttökurétt en ekki kosningarétt sbr.regjur félagsins. Stjórn mun leggja fram lagabreytingatillögu á næsta aðalfundi til að opna á þennan möguleika. Sú tillaga verður kynnt viku fyrir aðalfund líkt og lög kveða á um.

### **NKU fundur**

Þann 28. og 29. mars nk. verður haldinn NKU fundur. Guðbjörg Guðmundsdóttir, varaformaður, mun sitja og stýra fundinum fyrir hönd HRFÍ. Guðbjörg hefur sent til stjórnar erindi sem verða tekin fyrir á NKU fundinum sem stjórn HRFÍ tók afstöðu til.

### **Breytingatillögur ræktunar- og staðlanefndar**

Taka þarf afstöðu til erindis nefndarinnar um breytingartillögur á reglugerð um skráningu í ættbók, 10.greinar; Skilyrði ræktunar einstakra hundakynja, fyrir tegundirnar French Bulldog, Pug, Maltese og Shiba Inu.

Lögð er til breyting á um kröfu á augnskoðun. Shiba Inu er lögð fram viðbótarkrafa um svokallaða Gonioscopy. Það hefur verið staðfest að slíka augnskoðun er hægt að framkvæma.

Hvað varðar tegundirnar úr tegundarhóp 9, er viðbótarkrafa um augnskoðun á French Bulldog og Pug, og hvað varðar Maltese, að greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (hereditary cataract) má aðeins para hann við hund án starblindu. Tengiliður tegundarinnar hefur skilað álitinu sínu og var samþykkur. Tengiliðir French Bulldog og Pug skiluðu álitinu og telja kröfu um augnskoðun íþyngjandi. Þá er einnig gerð sú breytingartillaga að French Bulldog skuli hryggmyndaður fyrir þörun. Tengiliður tegundarinnar taldi þá kröfu líka íþyngjandi. Stjórn smáhundadeildar samþykkir tillögur nefndarinnar er varðar augnskoðanir en óskað eftir frekari upplýsingum varðandi hryggmyndun.

Stjórn samþykkir breytingartillögur ræktunar- og staðlanefndar en uppfærðar reglur munu taka gildi frá 1. janúar 2024.

### **Breytingar á reglum um sýningadómaranám**

Breytingarnar eru unnar með hliðsjón af breytingum sem gerðar hafa verið á hinum Norðurlöndunum og var við gerð tillaganna haft samráð við SKK og DKK. Reglur FCI voru hafðar til hliðsjónar.

Stjórn samþykkir breytingartillögurnar án athugasemda.

## **Uppfærsla og breytingar á sýningareglum**

Sýningarstjórn fundaði 21. mars og skilaði inn til stjórnar tillögum að breytingum á sýningarreglum félagsins. Að stórum hluta var verið að lagfæra ýmsa hluti, bæta inn meistarastigum og titlum sem vantaði inn ásamt nokkrum breytingum.

Stjórn samþykkir breytingarnar en óskar jafnframt eftir upplýsingum hvernig þeim verður fylgt eftir í þeim tegundum þar sem hvolpar fæðast skottlausir sbr. “Óheimilt verður að sýna alla skott-og/eða eyrnastýfða hunda frá og með 1. janúar 2025.”

## **Aðalfundur HRFÍ**

Kosið verður með rafrænum hætti, komi til kosninga. Fundarboð aðalfundar verður að sent út í síðasta lagi 1. apríl næstkomandi og munu nánari upplýsingar koma þar fram, ss. fundarstaður og tími.

## **Önnur mál**

## **Skjalasöfnun**

Félagið geymir talsvert magn af skjölum. Mikilvægt að gögnin séu geymd á öðrum stað en skrifstofu félagsins. Jafnframt þarf að skoða það að veita fjármagni í að koma öllum þessum gögnum á rafrænt form í náinni framtíð.

Fundi slitið klukkan 19:00.

Næsti fundur er áætlaður 17. apríl næstkomandi.